

HÍÐ ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRAEDIFÉLAG (HÍN)

Hlemmi 3

105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19.11.2001.

Nefndasvið Alþingis
b/t Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Varðar:

Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd, 159. mál, Náttúruverndarráð o.fl.

Tilvísanir:

- 1) Bréf umhverfisnefndar Alþingis til HÍN, dagsett 09.11.2001, varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.
- 2) Bréf HÍN til umhverfisráðherra, dagsett 28.01.1994, með hjálagðri greinargerð HÍN, “Skipan náttúruverndarmála”, dagsett 20.01.1994.
- 3) Bréf HÍN til umhverfisnefndar Alþingis, dagsett 11.04.1996, varðandi frumvarp til laga um náttúruvernd, með hjálagðri greinargerð, “Athugasemdir...” við téð frumvarp, dagsett 10.04.1996.
- 4) Bréf HÍN til umhverfisnefndar Alþingis, dagsett 02.03.1999, varðandi frumvarp til laga um náttúruvernd.

Fyrirliggjandi frumvarp lýtur einkum að tvennum atriðum:

1. Breytingar á skilgreiningum og tilgreiningum.
2. Niðurlagning Náttúruverndarráðs.

Varðandi fyrri atriðin, þá er um að ræða breytingu á orðalaginu “búsvæði” í “búsvæði og vistgerðir” eða “vistgerðir” í 3. gr., 66. gr. og 68. gr. nógildandi laga, svo og breytingu á orðalaginu “landslagsgerðir” í “jarðmyndanir og vistkerfi” í 37. gr. sömu laga. HÍN telur þessar breytingar til bóta og í samræmi við þróun í umfjöllun á þessu sviði undanfarið, eins og fram kemur raunar líka í greinargerð með tilvísuðu frumvari.


Varðandi síðari atriðin, þá hefur HÍN ítrekað gert athugasemdir við skipan Náttúruverndarráðs, fyrirhugað starfssvið þess og tengsl þess við Náttúruverndarþing. Það hefur því verið skoðun HÍN, að óhentug skipan þessa ráðs, óskýrt hlutverk þess og þröngt svigrúm til starfa hafi ekki skapað forsendur fyrir skilvirku starfi ráðsins, svo gagnleg sem skipulögð umfjöllun um náttúruverndarmál er, og þó svo að ráðslimir hafi efunarlaust sinnt setu sinni og störfum í ráðinu af fyllstu kostgæfni og alúð. Litið til þessa sér HÍN ekki ástæðu til að leggjast gegn niðurlagningu Náttúruverndarráðs í núverandi mynd þess.

HÍN hefur ítrekað vakið athygli á því, að “Náttúruverndarþing” ætti að vera upplýsinga- og umræðuvettvangur stjórnvalda í umhverfismálum, samtaka almennings í þeim málum og hlutaðeigandi aðila og stofnana á því sviði. Einnig að slík þing þyrfti að halda tíðar en verið hefur. Hugmyndir þær um “Umhverfisþing”, sem fram eru settar í tilvísuðu frumvarpi, eru því mjög í samræmi við fram komið álit HÍN. Litið til þessa, sér HÍN ekki ástæðu til annars, en að taka undir þessar hugmyndir.

Ekki er í frumvarpinu fjallað um samskipti svokallaðra “frjálsra félagasamtaka” á sviði náttúruverndar og umhverfismála, en að þeim samskiptum er þó komið í greinargerð með tilvísuðu frumvarpi. Vísað er í því sambandi til samstarfsyfirlýsingar umhverfisráðuneytisins og téðra samtaka frá 20.03.2001, en eðlilega er enn þá lítil reynsla komin á það samstarf og mótun þess raunar enn í þróun. Því er naumast grundvöllur til að ræða lögfestingu slíks samstarfs að sinni, hvort til hennar ætti að koma og þá með hverjum hætti. Engu að síður telur HÍN, að slíkt samstarf beri að efla til að fylla í það skarð, sem Náttúruverndarráð hefði átt að fylla, ef forsendur hefðu verið með öðrum og hagfelldari hætti.

Virðingarfyllt

f.h. Hins íslenska náttúrufræðifélags


Freysteinn Sigurðsson
formaður HÍN

Alþingi
Erindi nr. P 127/233
komudagur 23.11.2001

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Nefndasvið Alþingis

Berist til Helgu Þórisdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti 20. nóvember 2001
Tilvísun: 012/ÚB

Efni: Umsögn Landgræðslu ríkisins um frumvarp til breytinga á lögum um náttúruvernd, 159. mál 127. þings sbr. bréf umhverfisnefndar dags. 9. nóvember sl.

Varðandi 1. gr frumvarpsins er lagt til að að einnig verði bætt við skilgreiningu á *vistkerfi*, til að skýra mun búsvæða, vistgerða og vistkerfa. Jafnframt vegna 5. gr. frumvarpsins þar sem *vistkefi* er bætt inn í lögin. Einnig vegna 66. gr. laganna með hliðsjón af 9. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar 4. gr. frumvarpsins, um umhverfisþing, þá fagnar Landgræðsla ríkisins því að efnt sé til almennra skoðanaskipta um öll málefni er snerta umhverfi í ljósi sjálfbærrar þróunar. Misræmis gætir hins vegar milli athugasemda við lagafrumvarpið og athugasemda um 4. gr. hvað varðar hlutverk umhverfisþings. Í hinum almennu athugasemdum kemur fram að á þinginu væri hægt að taka til umfjöllunar og **stefnumörkunar** mál eins og t.d. landsáætlanir um landgræðslu og skógrækt. Í athugasemdum við 4. gr. er orðið „stefnumörkun“ í tengslum við verkefni þingsins aftur á móti ekki að finna. Slíkt stefnumörkunarhlutverk um málefni er varða önnur ráðuneyti en umhverfisþing heyrir undir er óeðlilegt, enda kemur fram í athugasemdum við 4. gr. að hlutverk þingsins sé að halda uppi gagnrýnni umræðu um umhverfismál sem nýtist stjórnvöldum í stefnumörkun og ákvarðanatöku.

Landgræðsla ríkisins leggur því til að orðin „og stefnumörkunar“ verði felld niður úr 1. mgr. almennra athugasemda við frv.

Virðingarfyllst

f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson
landgræðslustjóri

Afrit sent:
Landbúnaðarráðuneytinu

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Gunnarsholti - Rangárvöllum - 851 Hella
Sími: 488 3000 - Fax: 488 3010
www.landgr.is - Netf.: lgr@landgr.is

SOIL CONSERVATION SERVICE

Gunnarsholt - 851 Hella - Iceland
Tel.: +354 488 3000 - Telefax: +354 488 3010
www.landgr.is - E-mail: lgr@landgr.is



Umhverfisnefnd Alþingis

Alþingi
150 Reykjavík

Bt. Helgu Þórisdóttur

3. desember 2001

Efni:

Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd, 159 mál.

Landvernd vísar í bréf umhverfisnefndar Alþingis dagsett 9. nóvember sl. þar sem óskað er eftir viðhorfum samtakanna til frumvarps um breytingar á lögum um náttúruvernd.

Náttúruverndarráð verði lagt niður

Skv. 9. gr. náttúruverndarlaga skal Náttúruverndarráð stuðla að náttúruvernd og vera umhverfisráðherra, Náttúruvernd ríkisins og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Jafnframt á ráðið að gera tillögur um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir og fjalla um náttúruverndaráætlun, þróun náttúruverndar á alþjóðavettvangi og fara með málefni Friðlýsingarsjóðs.

Landvernd tekur undir þau sjónarmið að mikilar breytingar hafa orðið á undanförunum árum um þátttöku almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál, ekki hvað síst vegna laga um mat á umhverfisáhrifum. Í því sambandi hafa umhverfis- og náttúruverndarsamtök gegnt vaxandi hlutverki. Jafnframt er ljóst að Náttúruvernd ríkisins og Náttúrfræðistofnun Íslands leika afar þýðingarmikið hlutverk í umfjöllun um náttúruverndarmál.

Innan Náttúruverndarráðs er mikil þekking og reynsla á sviði náttúruverndarmála og ætti ráðið, ásamt stofnunum umhverfisráðuneytisins og frjálsam félagasamtökum, að geta verið öflugur bakhjarl fyrir málaflökkinn. Ekki er ráðlegt að leggja Náttúruverndarráð niður nema að tryggja megi að frjáls félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndar geti sinnt því hlutverki sem ráðið hefur sinnt hingað til.

Landvernd telur að frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar hafi eflst og séu nú færari en áður að stuðla að upplýsandi umfjöllun um þennan málaflökk. Jafnframt er ljóst að vaxandi umfjöllun um umhverfismál, ekki hvað síst vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, gerir enn meiri kröfur en áður um fagleg og vönduð vinnubrögð af hálfu þessara samtaka. Í dag hafa þessi samtök takmarkað fjárhagslegt bolmagn til að afla sér nauðsynlegs faglegs stuðnings til þess að sinna því lýðræðislega hlutverki sem þeim er ætlað að leysa af hendi.

Í þessu sambandi má vísa í fyrirheit um frekari stuðning í nýlegri samstarfsyfirlýsingu umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka. Sú yfirlýsing leggur einnig þá

skyldur á herðar frjálstra félagasamtaka að efla lýðræðislega umræðu um umhverfis- og náttúruvernd.

Umhverfisþing

Umhverfisráðherra hefur þegar boðað til tveggja umhverfisþinga og er það vel. Náttúruverndarþing á sér aftur á móti sögu og hefð og hefur undirbúningur þingsins verið í höndum Náttúruverndarráðs. Þingið hefur verið mikilvægur vettvangur náttúruverndarumræðu þar sem átt hafa seturétt á annað hundrað fulltrúar af öllu landinu.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd hefði átt að boða til Náttúruverndarþings í janúarlök n.k. Sjaldan hefur þörfin fyrir öflugum umræðu um umhverfis- og náttúruvernd og sjálfbæra þróun meiri en nú.

Það er miður ef frumvarp umhverfisráðherra verður til þess að Náttúruverndarþing verði ekki haldið í upphafi næsta árs. Það er rík þörf fyrir umfjöllun um náttúruvernd og því væri æskilegt að af þessu þingi gæti orðið. Það mætti halda Náttúruverndarþing í þetta sinn jafnvel þó Umhverfisþing tæki svo við hlutverki þess á árinu 2003.


Verði tillaga um umhverfisþing samþykkt, telur Landvernd að seta þurfi þinginu starfsreglur sem segi til um það hvernig félagasamtök geta haft áhrif á dagskrá þingsins og lagt fram tillögur að ályktunum til umfjöllunar á þinginu.

Tekjuafgangur Endurvinnslunnar

Í frumvarpinu er lagt til að fellt verði niður framlag Endurvinnslunnar hf. til Náttúruverndarráðs, en það nemur um 5% af árlegum tekjuafgangi fyrirtækisins. Verði Náttúruverndarráð lagt niður telur Landvernd að nýta eigi þetta fjármagn áfram til að efla umhverfis- og náttúruvernd. Til að mynda mætti nýta þetta fé til stuðnings við fræðslu um umhverfisvernd Íslands með því að beina því til reksturs verkefnisins Vistvernd í verki sem Landvernd hefur staðið að.

Vistvernd í verki er langtíma verkefni í fræðslu um umhverfisvænna heimilishald sem þegar hefur náð fótfestu í 10 sveitarfélögum. Rekstur verkefnisins er fjárhagslegur baggi fyrir Landvernd og ef ekki tekst fljótlega að afla því rekstrarfjármagns er hætt við að samtökin verði að leggja það niður. Framlag frá Endurvinnslunni til verkefnisins myndi geta átt þátt í því að treysta rekstrargrundvöll verkefnisins til lengri tíma litið.

Virðingarfyllt



Tryggvi Felixson

frakvæmdastjóri Landverndar

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/208
komudagur 22.11.2001

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

20. nóvember 2001
2001110017/

Frumvarp til laga um náttúruvernd, 159. mál

Vísað er til bréfs Umhverfisnefndar, dags. 9. þ.m. þar sem óskað er eftir álitum á frumvarpi til laga um náttúruvernd, 159. mál, Náttúruverndarráð o.fl.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður þær breytingar á lögum um náttúruvernd sem felast í 1., 5., 6., 9., 10., og 12. gr. frumvarpsins og telur mikilvægt að þær nái fram að ganga.


Stofnunin tekur hins vegar ekki afstöðu til þeirra breytinga sem felast í 2., 3., 4., og 11. gr. frumvarpsins þar sem þær falla utan verksviðs hennar.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri





Umhverfisnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

21. nóvember 2001
Snr. 004 ÁB/TB

Breytingar á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í frumvarpinu er lagt til að Náttúruverndarráð verði lagt niður og náttúruverndarþingi breytt í umhverfisþing. Þá er lagt til að 47. grein, sem fjallar um heimild til efnistöku, verði styrkt. Einnig eru gerðar orðalagsbreytingar og búsvæði og vistgerðir skilgreindar.

Í athugasemdum við frumvarpið eru breytingarnar rökstuddar og þar er einnig gerð grein fyrir breyttu lagaumhverfi og sterkari stöðu frjálsra félagasamtaka.

Náttúruvernd ríkisins gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Lögð er til breyting á 3. gr. laganna þar sem bætt er við skilgreiningum á orðunum búsvæði og vistgerð. Stofnunin telur ástæðu til að setja einnig inn skilgreiningar á „landslagi“ og „vistkerfi“. Að skilgreina vistkerfi er til að samræma orðanotkun og skýra betur við hvað er átt hverju sinni en öll þrjú orðin geta haft svipaða merkingu í huga margra. Landslag er hvergi skilgreint í lögnum en lögin hafa landslagsverndarkafla, kafla V, og hægt er að friðlýsa svæði vegna landslags o.s.frv. Einnig telur Náttúruvernd ríkisins að ekki beri að sleppa alveg hugtakinu landslagsgerð þar sem orðið jarðmyndun á ekki alltaf við þegar talað er um sérstaka verndun á ákveðum fyrirbærum í landslagi.

Stofnunin leggur til eftirfarandi skilgreiningar:

Landslag: Landslag er ákveðið svæði, sem fólk skynjar sem heild, þar sem einkenni eða svipmót landsins er afleiðing af verkun eða víxlverkun náttúrulegra og/eða mannlegra þátta (þýðing á skilgreiningu úr European Landscape Convention).

Landslagsgerð: Landslagsgerð er ákveðin hluti af einkennum eða svipmóti í landslagi s.s. sandar, fjöll, dalir, gil, litir eða ákveðin jarðmyndun eða safn jarðmyndana s.s. eldhraun, gígar eða gígaraðir, hverir o.s.frv.

Búsvæði: a) Þeir staðir eða svæði þar sem tegund getur þrífist. (a er tillaga í frumvarpinu).

b) Svæði eða gerð svæðis þar sem lífverur eða stofn er að finna af náttúrulegum ástæðum (Stofnunin bendir á að þessi skilgreining er í samningi um líffræðilega fjölbreytni.).

Vistgerð: Staðir eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður- og dýralíf, jarðveg og loftslag.


Vistkerfi: Afmarkað svæði sem hægt er að skoða sem heild bæði með mt.t. samverkun milli lífríkis innbyrðis, s.s. dýra- og plöntusamfélaga, og samverkun lífríkisins við eðlisræna og ólífræna þætti umhverfisins.

- Athugasemdir við 5. gr.: Áfram standi landslagsgerðir í 1. mgr. 37. gr. og greinin orðist: „landslagsgerðir, jarðmyndanir og vistkerfi.“ Ástæða þess að setja ekki bara jarðmyndanir í stað landslagsgerðir er að sumar þ.e. landslagsgerðirnar hafa ákveðið svipmót vegna samspils milli gerð jarðmyndana og t.d. gróðurs s.s. Lakagígar. Auk þess fjallar kaflinn um verndun landslags. Til samræmis verður að breyta 2. mgr. 37. gr. laganna og í stað landslagsgerða komi: landslagsgerða, jaðmyndana og vistkerfa skv. 1. mgr....
- Athugasemd við 9. gr.: Í stað orðsins „búsvæða“ í b-lið 2. mgr. kemur: búsvæða og vistgerða. Hugsunin með að hafa bara vistgerð er sjálfsagt sú að með endurheimt ákveðinnar vistgerðar sé ákveðið búsvæði endurheimt. Skilgreiningarnar eru hins vegar ekki eins fyrir vistgerð og búsvæði. Það getur verið í sumum tilfellum meginmarkmið að endurheimta sérstakt búsvæði og þar með sérstaka tegund, t.d. tegund sem er í hættu, án þess að vistgerðin sé endilega sú sama og áður var til. Þ.e. sama tegundin getur þrífist í mismunandi vistgerðum. Auk þess eru vistgerðir ekki vel skilgreindar nema á örfáum stöðum á landinu en upplýsingar um hvaða tegund eða tegundir það eru sem óskað er eftir að endurheimta er vitað í flestum tilfellum.

Náttúruvernd ríkisins mælir með að frumvarpið verði samþykkt, enda eru breytingarnar í samræmi við tillögur sem stofnunin sendi í bréfi til umhverfisráðuneytisins í október 2000.

Virðingarfyllst,


Árni Bragason
forstjóri


Trausti Baldursson
sviðsstjóri

Náttúruvernd ríkisins

Alþingi
Erindi nr. P /27/283
komudagur 29.11.2001

Umhverfisnefnd Alþingis
Pórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

28. nóvember 2001

Náttúruverndarráð hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Þess ber að geta að umhverfisráðherra óskaði eftir áliti ráðsins á undirbúningsstigi málsins og fylgir það hér með. Rétt er að vekja athygli Umhverfisnefndar á að síðasta náttúruverndarþing ályktaði að Náttúruverndarráð ætti að starfa áfram og að núverandi skipan þess væri heppileg.

Náttúruverndarráð telur jákvætt að náttúruverndarþing fái viðtækara og öflugra hlutverk með því sem nefnt verður umhverfisþing. Náttúruverndarráð leggur áherslu á að aukið umfang slíks þings megi ekki verða til þess að náttúruverndarmál fái þar minna vægi. Ráðið telur nauðsynlegt að fulltrúar stofnana, nefnda og samtaka á sviði náttúruverndar komi að undirbúningi þingsins og minnir á að undirbúningur náttúruverndarþings er eitt af verkefnum Náttúruverndarráðs í samráði við umhverfisráðuneytið. Nauðsynlegt er að skilgreina hverjir hafa atkvæðisrétt og tillögurétt á umhverfisþingi líkt og gert er í 10. gr. gildandi laga um náttúruvernd.

Náttúruverndarráð lýsir eindregnum stuðningi við áform um að styrkja samskipti stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka sem láta sig náttúruvernd og umhverfismál varða. Í samstarfsyfirlýsingu umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka eru frjáls félagasamtök og umhverfissamtök skilgreind. Náttúruverndarráð telur mikilvægt að efla fjárhagslegan stuðning við þau samtök sem falla undir þær skilgreiningar og leggur til að fyrrnefndar skilgreiningar verði felldar inn í frumvarpið.


Náttúruverndarráð varar við því að Náttúruverndarráð verði lagt niður án þess að önnur hliðstæð stofnun eða ráð komi í staðinn. Ráðið telur mjög mikilvægt að áfram starfi stjórnskipað ráð á sviði náttúruverndar sem stjórnvöld og almenningur geti leitað umsagna og ráðgjafar hjá. Frjáls félagasamtök geta ekki komið í stað stjórnskipaðs ráðs og hafa að mörgu leyti öðru hlutverki að gegna, s.br. umsögn Náttúruverndarráðs frá 7. des. 2000 (sjá meðfylgjandi skjal).

Í ljósi aukins hlutverks frjálsra félagasamtaka við mótun stefnu og ákvarðanatöku í málum er varða umhverfis- og náttúruverndarmál telur Náttúruverndarráð tímabært að endurskoða samsetningu ráðsins, t.a.m. í þá veru að eingöngu verði um tilnefningar í það að ræða, og jafnframt að staða þess sem stjórnskipaðs ráðs verði styrkt. Bent er á mikilvægi þess að til sé vettvangur þar sem ólíkir aðilar sem láta sig náttúruvernd varða hafi samráð. Í þessu sambandi vill ráðið einnig benda á að með tilkomu Árósasamningsins má ætla að auknar skyldur leggist á herðar stjórnskipaðra ráða og nefnda (Governmental Organisations) og að það ráðgjafarhlutverk sem þeim er þegar ætlað samkvæmt lögum muni aukast.

Náttúruverndarráð leggur til að komið verði á skilvirkum tengslum milli ráðsins og Náttúruverndar ríkisins. Frá 1999 hefur engin stjórn verið yfir Náttúruvernd ríkisins heldur heyrir forstjóri beint undir umhverfisstjórnun. Ráðið telur það styrkja náttúruvernd á Íslandi að koma á nánara samstarfi þessara aðila.

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að Friðlýsingarsjóður verði lagður niður. Náttúruverndarráð leggur áherslu á að koma þurfi á sambærilegum sjóði sem fengi árlega föst skilgreind framlög. Tilgangur þessa sjóðs verði að skapa áframhaldandi og aukið svigrúm fyrir einstaklinga, samtök eða sveitarfélög sem vinna að friðlýsingu og verndun náttúrunnar. Í slíkan sjóð gætu þeir sótt sem þyrftu mótframlag til friðlýsingar, náttúruverndar eða hyggðu á umbætur og uppbyggingu á einstökum svæðum.

F.h. Náttúruverndarráðs



Kólfína Jóhannesdóttir

Umhverfissráðuneytið
Siv Friðleifsdóttir
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

7. desember 2000


Náttúruverndarráð hefur fjallað um erindi umhverfissráðuneytisins, frá 16. nóvember s.l., þar sem óskað er eftir afstöðu ráðsins vegna tillagna Árna Bragasonar, forstjóra Náttúruverndar ríkisins. Árni heldur því m.a. fram að "öflug frjáls félagasamtök hafi tekið við hlutverki því sem ráðinu hefur verið ætlað" án þess að rökstyðja það frekar. Jafnframt veltir ráðuneytið upp þeirri spurningu hvort mögulegt sé að vaxandi styrkur frjálsra félagasamtaka hafi gert starfsemi ráðsins óþarfa.

Náttúruverndarráð telur að frjáls félagasamtök geti ekki yfirtekið störf stjórnskipaðra ráða og nefnda. Samkvæmt 9 gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal Náttúruverndarráð stuðla að náttúruvernd og vera umhverfissráðherra, Náttúruvernd ríkisins og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Náttúruverndarráði er þannig ætlað að miðla þekkingu á umhverfis- og náttúruverndarmálum til stjórnvalda og einnig til almennings. Náttúruverndarráði ber að veita almennungi faglegar upplýsingar til að tryggja réttláta meðferð í umhverfismálum. Með tilkomu Árórsarsamningsins má ætla að sá þáttur verði umsvifameiri.

Náttúruverndarráð minnir á að ofangreindar hugmyndir komu til umræðu á síðasta Náttúruverndarþingi en þar var svohljóðandi ályktun samþykkt:

Náttúruverndarþing telur að Náttúruverndarráð hafi gegnt veigamiklu hlutverki í umhverfis- og náttúruverndarmálum og þrátt fyrir ýmsar breytingar í stjórnskipan þessa málaflokks eigi ráðið að starfa áfram. Helstu verkefni ráðsins eigi að vera stefnumörkum og umfjöllum um grundvallaratriði í umhverfis- og náttúruvernd sbr 4. og 9. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Núverandi skipan ráðsins er heppileg þar sem saman fara tilnefning stofnana og kosning á Náttúruverndarþingi. Til að treysta góð tengsl ráðsins við stjórnvöld er heppilegt að umhverfissráðherra skipi formann. Mjög brýnt er að ráðinu séu tryggð örugg starfsskilyrði og fjármagn.


F.h. Náttúruverndarráðs


Þröstur Sverrisson

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/264
komudagur 28.11.2001

**SAMBAND ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA**

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík
☎ (354) 581 3711, telefax (354) 568 7866



Dagsetning

Umhverfisnefnd Alþingis
frú Helga Þórisdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sam 408/2001 ÞS/SP

Reykjavík 26. nóvember 2001

**Umsögn um frumvarp til laga um
náttúruvernd, 159. mál**

Á fundi stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, hinn 22. nóvember, var m.a. lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 9. nóvember, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um náttúruvernd, 159. mál, Náttúruverndarráð o.fl.

Stjórnin samþykkti að mæla með frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Þórður Skúlason framkvæmdastjóri

2001110019

9140

Umhverfisnefnd Alþingis
Helga Þórisdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2001


/--

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd.

Skipulagsstofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 9. nóvember 2001, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um framvarp til laga um náttúruvernd, 159. mál, Náttúruverndarráð o.fl.

Meginefni frumvarpsins varðar fyrirhugaða niðurlagningu Náttúruverndarráðs. Önnur atriði þess telur Skipulagsstofnun ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér frá núgildandi lögum.

Frá því að hlutverki Náttúruverndarráðs var breytt til núverandi myndar með lögum um náttúruvernd nr. 93/1996 hefur Skipulagsstofnun lítil sem engin samskipti átt við ráðið. Stofnunin hefur þannig t.d. ekki leitað umsagna Náttúruverndarráðs vegna mála sem eru á starfssviði stofnunarinnar. Skipulagsstofnun tekur því ekki afstöðu til fyrirhugaðra breytinga á lögum um náttúruvernd.


Elín Smáradóttir

Alþingi
Erindi nr. P 127/153
komudagur 20.11.2001



SKÓGRÆKT
RIKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 19. 11. 2001

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til breytingar á náttúruverndarlögum, 159. mál.

Fyrir hönd Skógræktar ríkisins geri ég ekki athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um náttúruvernd.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er eftirfarandi setning í umfjöllun um 4. gr.: “Á umhverfisþingi væri því hægt að taka til umræðu mál tengd sjálfbærri þróun í íslensku samfélagi, áætlun um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og landsáætlanir um landgræðslu og skógrækt svo dæmi séu tekin.” Okkur skógræktarmönnum er mikill heiður sýndur með því að nefna skógrækt sérstaklega til sögunnar umfram t.d. aðra þætti í landnýtingu sem hafa mun meiri áhrif á umhverfið s.s. sauðfjárrækt og hrossarækt, hvað þá atriði sem hafa enn meiri áhrif s.s. stjórnun fiskveiða.

Þar sem umfjöllun sú er fylgir lagafrumvörpum öðlast við túlkun laganna allt að því lagalegt gildi má gera ráð fyrir að umhverfisþing telji sér skylt að fjalla um þau atriði sem sérstaklega eru talin þar upp. Óþarft er að binda hendur umhverfisþings á þennan hátt og því er lagt til að ofangreind setning verði felld út úr athugasemdum.

F.h. Skógræktar ríkisins

Þróstur Eysteinnsson
fagmálastjóri

komudagur 26.11.2001

Samstarfsyfirlýsing umhverfissráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka

Markmið samstarfsaðila er að efla lýðræðislega umræðu um umhverfis- og náttúruvernd. Virkni og þátttaka almennings er forsenda árangurs í umhverfismálum. Hlutverk frjálsra félagasamtaka felst ekki síst í að koma upplýsingum til almennings. Því vill umhverfissráðuneytið auka samráð við frjáls félagasamtök um stefnumörkun og framkvæmd umhverfisverndar í samræmi við ákvæði Árósasamningsins frá 1998.

Skilgreiningar

- Í samstarfsyfirlýsingu þessari er með frjálsum félagasamtökum átt við öll þau samtök sem láta umhverfisvernd til sín taka óháð því hvort umhverfisvernd sé megin viðfangsefni samtakanna.
- Umhverfissamtök eru þau frjálsu félagasamtök sem hafa umhverfisvernd sem megin viðfangsefni og starfa á landsvísu eða eru svæðisbundin.

Forsendur

- Aðilar að þessari samstarfsyfirlýsingu eru sammála um það að frjáls félagasamtök gegni mikilvægu lýðræðislegu hlutverki í umræðu um umhverfismál. Framlag þeirra við að upplýsa almenning, stjórnvöld og fjölmiðla er mikilvægur þáttur í sjálfbærri þróun íslensks samfélags.
- Í yfirlýsingu sem umhverfissráðherrar aðildarríkja Efnahagsnefndar Sp fyrir Evrópu (UN/ECE) samþykktu í Árósum í júní 1988 undirstrika þeir mikilvægi frjálsra félagasamtaka og hvetja stjórnvöld til að styðja við bakið á slíkum samtökum og til að virkja þau við ákvarðanatöku um umhverfismál.
- Leitað verður heimildar Alþingis á árinu 2001 til staðfestingar á Árósasamningnum um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum.
- Löggjöf í umhverfismálum kallar á umtalsvert samráð við almenning.

Form samráðs umhverfissráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka

- Umhverfissráðuneytið mun standa fyrir reglulegum samráðsfundum með umhverfissamtökum. Auk þess verður boðað til víðtækari samráðsfunda eftir því sem tilefni er til. Á þessum fundum mun ráðuneytið gera grein fyrir helstu málum sem unnið er að hverju sinni og umhverfissamtökin kynna sínar áherslur og verkefni.
- Umhverfissráðuneytið mun annað hvert ár boða til Umhverfisþings þar sem fjallað verður um stefnumörkun og framkvæmd á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar.
- Umhverfissamtök sem aðild eiga að samstarfsyfirlýsingu þessari geta óskað eftir samráðsfundum með umhverfissráðuneytinu þegar þau telja þörf á.
- Umhverfissráðuneytið mun leitast við að bjóða fulltrúum frjálsra félagasamtaka þátttöku í fjölskipuðum nefndum á vegum ráðuneytisins og að hafa samráð við þau við undirbúning lagafrumvarpa og reglugerða.

Stuðningur við umhverfissamtök

- Umhverfissráðuneytið mun veita árlega styrki í samræmi við heimildir fjárlaga hverju sinni til almennrar starfsemi umhverfissamtaka. Fjárframlög verða einungis veitt þeim

Reykjavík, 20. mars 2001

Félag um verndun hálandis
Austurlands

Þórkellur Þorkelsson

Hið íslenska náttúrufræðifélag

Fréyður Sigurðsson

Náttúruverndarfélag
Suðvesturlands

Ólafur Einarsson

Náttúruverndarsamtök Íslands

Ólafur Einarsson

Samtök um náttúruvernd á
Norðurlandi - SUNN

Ólafur Einarsson

Umhverfisverndarsamtök Íslands

Ólafur Einarsson

Fuglaverndarfélag Íslands

Ólafur Einarsson

Landvernd

Ólafur Einarsson

Náttúruverndarsamtök
Austurlands - NAUST

Ólafur Einarsson

Náttúruverndarsamtök
Vesturlands

Ólafur Einarsson

Sól í Hvalfirði

Ólafur Einarsson

Umhverfisráðherra

Siv Fróða Indriðadóttir